

Titill	Gönguferðir
Skammstöfun	FJAL1GÖ05
Námsgrein	Fjallamennska
Viðfangsefni	Gönguferðir, rötun, áttavitanotkun, þverun straumvatna
Þrep	1
Einingafjöldi	5

Lýsing:	Námið er vettvangsnám þar sem farið er í ferðir út í náttúruna þar sem tekist er á við raunaðstæður. Áherslan er á nemandann sjálfan, þekkingu hans, leikni og hæfni varðandi útivist jafnt á láglandi og á fjöllum. Kenndir eru fjölmargir undirstöðubættir tengdir gönguferðum á fjöllum hvort heldur sem er að sumri eða vetri. Megináherslan er á að dýpka skilning nemenda á gönguferðum á fjöllum og gera þá færa í að ferðast á eigin vegum um fjalllendi og óbyggðir af öryggi og kunnáttu. Farið er yfir undirbúning og skipulag ferða og fjallað um næringu og útiöldun, klæðnað, ferðaáætlanir, helsta búnað við gönguferðir og almenn öryggisatriði. Nemandi lærir lestur af korti og meðferð áttavita og GPS tækja. Nemandinn kynnist því að vera hluti af hópi, hópastarfi, hópastjórnun og viðurkenndum leiðum til að ná bættum árangri í vinnu með hópi fólks. Lögð er áhersla á að kynna þá fjölbreyttu möguleika til útivistar og náttúruskoðunar sem eru nærtækir.
----------------	---

Forkröfur:	18 ára aldurstakmark
-------------------	----------------------

Þekkingarviðið	<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> • grunnþáttum varðandi skipulag ferða • kortalestri, áttavita og GPS • búnaði til fjallamennsku og tjaldferða • aðhlyningu í lengri ferðum • þverun straumvatna • útiöldun • nauðsynlegum öryggisbúnaði • eigin styrkleika og takmörkunum • mikilvægi hópstjórnunar • tækifærum og möguleikum til útivistar og ferðalaga í nærumhverfi sínu • notkun sérhæfðs búnaðar til útivistar • túlkun veðurspár og hagnýtri veðurfræði og náttúrufræði • mikilvægi þess að ganga vel um landið • mismunandi aðstæðum í óbyggðum og fjalllendi og viðbrögðum við þeim • verndun náttúrunnar
-----------------------	---

Leikniviðið	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • greina helstu þætti við skipulag og undirbúning ferða • rata með hjálp áttavita og GPS • huga vel að sjálfum sér og öðrum í lengri tjaldferðum • velja staði til að þvera straumvatn • meta aðstæður úti í íslenskri náttúru
--------------------	---

	<ul style="list-style-type: none"> • nýta sér aðstæður í náttúrunni og meta veðurútlit • meta eigin styrkleika og takmarkanir • velja milli mismunandi leiða sem henta hverju sinni til útivistar • velja sérhæfðan útivistarbúnað í samræmi við aðstæður • geta rýnt til gagns í lok ferðar
--	---

Hæfniviðmið	<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • útbúa raunhæfa ferðaáætlun fyrir styttri ferðir • rata af öryggi með hjálp áttavita og GPS • geta tekið ákvarðanir miðað við eigið líkamsástand, staðhætti og aðstæður • geta sinnt matarundirbúningi við frumstæðar aðstæður • velja og nota viðeigandi búnað á hverjum stað • velja verkefni við hæfi • meta aðstæður á raunhæfan hátt • leggja mat á hættur og stýra mögulegum áhættupáttum • velja sér viðeigandi veðurspá til ferðalaga • stunda fjölbreytta útivist á öruggan hátt • hagnýta sér það sem sjá má af veðurútliti • bera virðingu fyrir náttúru og umhverfi
--------------------	---

Námsmat	Leiðsagnarmat á vettvangi og námsmappa
----------------	--

Leiðbeiningar	<p>Námsmatið er leiðsagnarmat sem unnið er með reglulegum samskiptum á milli nemenda og kennara, bæði í ferðunum sjálfum og fyrir og eftir ferðir.</p> <p>Nemandi skilar loggbók og er hún hluti af námsmöppu.</p>
----------------------	--